

24. janúar 1975.

9

Nr. 13.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli loðnuafurða fyrir framleiðslutímabilið 17. janúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 17. janúar til loka loðnuvertíðar 1975:

Loðnumjöl § 5.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, § 425.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § = 118.30.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 62.5% af verðbreytingum frá grundvallarverði á loðnumjöli, en 30% á loðnulýsi.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing um sama efni, dagsett 23. janúar 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1975.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

28. janúar 1975.

Nr. 14.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

I.

Línu- og netaveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem slunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. mars til 1. maí 1975 á eftirgreindum svæðum:

1. Vestan 20°59'0 v.lgd. og austan línu, sem dregin er réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita (63°48'0 n.br. og 22°41'9 v.lgd.). Að utan takmarkast þetta svæði af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

B 2

1. 63°34'0 n.br. 20°59'0 v.lgd.
2. 63°34'0 n.br. 21°26'0 v.lgd.
3. 63°41'2 n.br. 21°45'5 v.lgd.
4. 63°41'2 n.br. 22°21'0 v.lgd.

og þaðan í réttvisandi 250°.

Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, sem takmarkast af lengdarbaugum 21°57'0 v. og 22°32'0 v. innan línu, sem dregin er milli þeirra þrjár sjómíllur út frá ströndinni.

2. Milli 64°05'0 og 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skulu skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði er takmarkast af 20°48'0 v.lgd. og 20°59'0 v.lgd. norðan 63°34'0 n.br.

3. gr.

Á tímabilinu frá 20. mars til 1. maí 1975 eru allar veiðar bannaðar í botnvörpu og flotvörpu samanber 2. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, svo og með línu og netum á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. 63°32'0 n.br. 21°25'0 v.lgd.
- b. 63°00'0 n.br. 21°25'0 v.lgd.
- c. 63°00'0 n.br. 22°00'0 v.lgd.
- d. 63°32'0 n.br. 22°00'0 v.lgd.

II.

Línuveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

4. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Á tímabilinu til 20. mars 1975 á svæði vestan línu réttvisandi 213° frá Reykjanesaukavita og sunnan 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972 en að innan af línunum, sem dregnar eru í réttvisandi 090° og 344° frá Geirfugla-drang (grunnlínupunktur 24).
2. Á tímabilinu til 1. apríl 1975 í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°28'0 n.br. 23°57'0 v.lgd.
2. 64°27'0 n.br. 24°43'0 v.lgd.
3. 64°18'0 n.br. 24°43'0 v.lgd.
4. 64°18'0 n.br. 24°23'0 v.lgd.

Enn fremur er öll netaveiði bönnuð allt árið 1975 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvisandi 143° úr Skorarvita í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

III.

5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

8. janúar 1975.

Nr. 15.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Suðurnesja, en það nær yfir Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gerðahrepp, Miðneshrepp og Hafnahrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 30, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Suðurnesja, bæjarstjórnar Keflavíkur, sýslunefndar Gullbringusýslu og Vinnuveitendafélags Suðurnesja.

3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, sem Vörubílstjórafélag Suðurnesja rekur í Keflavík, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Keflavíkur og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Suðurnesja viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstölna 30.